

## Símafundur stjórnar – 3.september 2018

Mætt voru: Sveinn Steinarsson, Eysteinn Leifsson, Vignir Sigurðsson, Jón Bjarni Þorvarðarson og Hallveig Fróðadóttir sem ritaði fundargerð.

1. Aðalfundurinn.

Það er kominn stund og staður fyrir aðalfundinn en hann verður í Spretti föstudaginn 26. okt og hefst kl 10:00

Formaður fer yfir drög að dagskrá komandi aðalfundar. Stjórnarmönnum finnst mikilvægt að fá upplýsingar inná fundinn um stöðu og gang mála varðandi sumarexemið – í því sambandi rætt um fyrirkomulag þegar kemur að því að útvega hross til samanburðarrannsóknarinnar sem vonandi hefst á næsta ári. Spurning í því sambandi hvort það sé ekki réttast að setja saman nefnd sem muni vera þeim á Keldum til aðstoðar við útvegum hesta og þ.h.

Stjórnarmenn á því að við fáum yfirlit yfir stöðu mála hjá HOI inná fundinn og eins var rætt að fá aðila á fundinn sem myndi bera saman gang mála og þróun hestamenskunnar hérlendis og erlendis og kom nafn Víkings Gunnarssonar upp í því sambandi. Formanni falið að vinna frekar að dagskrá aðalfundarins.

2. Innheimta og þróun félagsgjalda.

Ýta þarf á að fá inn greiðslur

3. Heiðursfélagi FHB

Rætt um hver kæmi til greina sem handhafi í ár og var tekin ákvörðun sem allir voru sammála um.

4. HM í Berlín 2019

Rætt um komandi HM í Berlín og hvort við ættum að kanna hvort félagsmönnum FHB geti eki staðið tilboðsferðir til boða. Í því sambandi var rætt um að LH væri líklega að bjóða uppá ferði í samstarfi við ferðaskrifstofuna Vita og aðrir sem voru að bjóða ferðir með Gamanferðum. Formanni falið að kanna þetta frekar.

5. Nýliðun.

Eysteinn: gæti FHB t.d. aðstoðað við að fá hross lánuð hjá sínum félagsmönnum til að hafa í heilsárs reiðskólum. Sveinn: LH og FHB gætu stutt við stóru hestamannafélögin varðandi það að fá stuðning frá viðkomandi sveitarfélögum til að halda úti t.d. heilsárs reiðskólum og öðru því sem tengist hestamenskunni sem íþróttagrein.

6. Styrkur við sölusýningu í Spretti sem haldin verður strax eftir aðalfund FHB.

Bein útsending verður af sýningunni á 2 skjáum, tveir hestar á vellinum á sama tíma og báðir með myndavélar á sér allan tímann. Rætt hefur verið að senda líka út á fleiri tungumálum. Stjórnarmenn sammála um að styrkja sölusýninguna.

7. Ráðstefna fagráðs.

Ráðstefna fagráðs verður í Spretti 27. okt og hefst kl 13:00.

8. Staða í solumálum rædd.

Ekki vantar mikið uppá að útflutningur sé sambærilegur og á sama tíma og í fyrra. Stjórnarmönnum finnst að meira líf mætti vera í solumálum og einnig að verð mætti vera hærra. Fundarmenn ræddu þá stöðu sem er uppí Evrópu varðandi fóðuröflun en meira er líklegt er að það hafi eitthver áhrif á sölu hrossa á þessu ári. Fundarmenn ræddu ýmsar hliðar á markaðsmálunum og m.a hvaða áhrif kynbótadómar og keppnisárangur hefðu á solumöguleika. Það er allavega ljóst að verð á hrossum er of lágt miðað við þær kröfur sem gerðar eru til getu og færni hrossanna en flestir vita að oftast liggur mjög mikil tími á bakvið fullþjálfað og vel tamið hross. Einnig var ræddur sá kostnaður sem fylgir útflutningi á hrossum einkum til USA.

9. Önnur mál.

Formaður leggur til að næsti fundur verði 4.október.